

Byggingarlýsing / verk lýsing:

Undirstöður:
 Undirstöður viðbyggingar eru steypar súlur, \varnothing 300 mm, sem ganga niður á burðarhæfan botn. Ofan á súlur koma dregarar úr limtré 90x200 mm sem festast við súlur með innsteiptum festingum úr heitgalvaniseruðum stáli.
 Ofan á dregara koma gólfbitar 48x145 mm, c/c 400 mm. Undir/milli gólfbita, neðan við steinull skal koma fyrir vindþéttu lagi, t.d. 12 mm Texi eða útigipsi.
 Milli gólfbita, ofan á vinþétta lagið, skal fylla með steinull, ofaná gólfbita/steinull skal setja rakavarnarlag, t.d. 0,2 mm polplast. Öll samskeyti á rakavörn skal klemma eða lima. Loks er klætt með 22 mm rakapöllum nótuðum spónaplötum.

Útveggir:
 Burður útveggja eru úr timurgrind, 48x148 mm og er burðargrindin fyllt með steinull, þéttull. Utaná burðargrind kemur 12 mm krossviður, lóðrétt loftunargrind 34x70 mm, m/m 400 mm, kemur utaná krossvið og loks kemur vatnslæðning, láréttur kúptur panill, sbr núverandi hús. Innan á steinull/grind kemur rakavarnarlag, 0,2 mm polplast. Öll samskeyti á rakavörn skal lima með þar til gerðu limbandi. Utaná grind (innan við rakavörn) kemur lagnagrind t.d. 45x45 mm sem festist við burðargrind með skrúfum eða nöglum. Loks er klætt með 12 mm panel. Við frágang kringum glugga skal gæta þess að rakavörn sé klemmd eða limd við karna.

Innveggir:
 Burðargrind innveggja eru úr 95 mm stöðum m/m 600 klætt mörð timburpanel. Holrúm í veggjum skal fylla með steinull.

Þak:
 Þak er hefðbundið sperrþak borið af bita/burðavegg við mæni og af útveggjum. Þakklæðning er 0,6 mm búrúðarmál í flokki T. Sperrur er 225 mm, c/c 600mm, ofaná sperrur kemur 25 mm borðaklæðning og þakpappi. Einangrað er milli sperra með 200 mm þakull með áfóstum vindpappa. Ofan við einangrun/vindpappa komi 25 mm loftbil og til að tryggja að það haldist opið skal koma fyrir 25x25 mm listum, beggja megin við sperru og einn í miðju sperrubils, milli klæðningar og vindpappa. Til að tryggja góða loftun í þakvirki skal setja 3 stk \varnothing 40 mm plaströr í hvert sperrubil, gegnum útvegg.
 Neðan á sperru/einangrun komi rakavarnarlag. Öll samskeyti á rakavörn skal lima með þar til gerðu limbandi og þar sem rakavörn kemur að öðrum byggingarhlutum skal festa rakavörn með limkitti eða klemma með lista. Lagnagrind úr t.d. 34x45 mm kemur neðaná sperrur og loks klætt með 12 mm panel.

Gluggar og hurðir:
 Gluggar og opnanleg fög verða hefðbundin timburgluggar með einangrunargleri, k-gleri.

Kólnunartölur byggingahluta, U-gildi (W/m² K)

Þak	0.20
Útveggir	0.40
Gluggar	
(vegð meðaltal k-gler)	2.00
Hurðir	3.00
Timburgólf.	0.30

Brunavarnir:

Setja skal reykskynjara (RS) í öll svefnherbergi og í gang.
 Slökkvitæki (ST) af víðurkenndri gerð skal vera í húsi.
 Björgunarop eru frá öllum herbergjum, merkt BO á teikningum.
 Stærð björgunaropa er - breidd 980 mm - hæð 520 mm.
 Þakklæðningar skulu vera a.m.k í flokki T.

Stærðir:

Sjá skráningartöflur á teikningu númer A 104.

Breytingar des 2014.

- Borðstofa verður eldhús og þar kemur útihurð.
- Þar sem var eldhús verður geymsla / stofa stækkað.
- Rotþró færast

ÖLL MÁL ERU Í MM NEMA ANNAD SÉ TEKID
 FRAM Á TEIKNINGU

**Hvítárbraut 53, Grímsnes - og
 Grafningshreppi, 851 Selfoss**

Aðaluppdrættir.

Grunnmynd húss.


Mkv.	1:100	Teikn. nr.	A-101.
Dags.	19. sept. 2009	Breytt dags.	Des. 2014

Guðmundur Jónsson
 byggingafræðingur BFI
 kt. 041260-4839
 Breiðvangi 5, 220 Hf.
 s. 565 5508-664 5635
 gud.jons@simnet.is.

Undirskrift aðalhönnuðar.

Þórunn Jónsson

8900



Grunnmynd
 Mkv. 1:100